


annan vettvang í listinni og voru lengstum á framsæknasta kantinum og á tímaskeiði mátti helst ekki kenna neitt hlutlægt í myndum þeirra. Jón og Louisa hneigðust meira að hefðinni, en þá einungis hvað ytra yfirborð snertir, því að í raun voru myndir þeirra alla tíð mjög abstrakt í lithugsun og uppbyggingu, eins og maður skilur það hugtak. Í öllu falli hefði enginn sannur natúralisti viljað skilgreina list þeirra á annan veg, né taka slíka list sem fullgildan natúralisma.

Segja má að þessir listamenn hafi sótt föng sín á skyld mið, en þróað þau á ólíkan hátt og svo er einungis mat hvers og eins hvort sé mikilvægara. Enginn getur nokkurn tíma fullyrt, að ein aðferð sé annari æðri, svo fremi sem sjálf efnistökin feli í sér átakamikla og safaríka gerjun, sem borin er fram af ferskri lifun.

Hið mikilvægasta er líka að vera opinn fyrir umhverfi sínu, og þannig var með Nínu og Parísarborg, jafnt og Louisu og New York. Hin óhlutlæga list var í öndvegi á Parísarárum Nínu, en raunsæið prýddi aðallega listhugsun þeirra vestan hafs.

Það er því skiljanlegt, að Louisa yrði fyrir áhrifum af amerískum „realistum", t.d. Edward Hopper (1882-1967), sem aðallega kemur fram í einstaka húsamyndum hennar, og hún varð einnig fyrir ýmsum áhrifum af öðrum amerískum málurum. En þessi ytri hrif runnu einungis eðlilega saman við hennar listræna geðslag og styrktu hina upprunalegu grind, jafnframt því að fága ytri skurnbrún.

Þannig er þessu varið í myndlistinni sem öðrum listgreinum, að hér er um að ræða víxlverkun og umræðu, „dialog", sem aldrei slotar og sækir næringu og eldsneyti í sjálfa lífskvikuna allt um kring.

Sýningin á Kjarvalsstöðum rennir stoðum undir þessar almennu staðreyndir, sem vilja vefjast fyrir svo mörgum, og það er ótvírætt aðal hennar. Styrkur hennar er einnig ótvírætt, að hér er um að ræða myndir í eigu listakonunnar, en ekkert yfirvegað val utanaðkomandi, og sýningin hefði átt að vera meðhöndluð sem slík. Hér er um að ræða eins konar stikkprufur eða sýnishorn á vinnubrögðum listakonunnar í tímans rás og ekki er mögulegt að skera úr um listrænt vægi einstakra tímabila með hliðsjón af þessum sýnishornum, því allt eins geta bestu myndirnar verið annars staðar. Persónulega hefði ég óskað eftir meira af eldri verkum Louisu vegna þess að við höfum þegar fengið svo ágæt sýnishorn á nýrri verkum hennar, t.d. í listhúsinu Borg og í Austursal Kjarvalsstaða á vegum Listmunahússins (hvorugra þessara sýninga er getið í skránni!).

Á sýningunni fannst mér einna mest koma til mannamyndanna og sjálfsmyndanna auk sumra kyrralífsmyndanna.

Gefið hefur verið út ágætt veggspjald, sem er til sölu, m.a. áritað af listakonunni.

Allar myndirnar á sýningunni eru til sölu sem eitt og sér er fréttnæmt, en verð þeirra hefur helst vakið athygli hér á útnáranum og verið á milli tannanna á fólki, sem hallar undir flatt og talar um „ameríska prísa", eins og það heitir t.d. í Pressunni.

En menn skyldu líta sér nær í þessum fullyrðingum sínum, því að hér hefur mönnum næstum tekist að gera flest sem skarar varanleg verðmæti og hugvit verðlaust, ólíkt því sem gerist í Ameríku. En við höfum hins vegar „íslenzka prísa" á forgengilegum hlutum sem enginn léti bjóða sér vestan hafs, t.d. bifreiðum auk hvers konar glingurs og flottheita yfirborðsins, sem allt er dæmt í glathaugana. Þetta minnir mig sterklega á söguna af því, að í gamla daga er fyrirfólk kom á bóndabæ og vildi gerast alþýðlegt og heilsa upp á fjósamanninn, átti hann bara til ein sokkaplögg ötuð flór. En dó þó ekki ráðalaus, enda áttu ýmis andleg átök sér stað í íslenzum fjósum og peran því í lagi, - snéri þeim einfaldlega við.

SITUATIONISTAR

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Á efri hæðum Nýlistasafnsins tekur á móti gestum sýning sem hlotið hefur yfirskriftina „Situation '93 Reykjavík — Köln". Sýningin er afrakstur verka nokkurra listamanna, m.a. tveggja íslenskra, og er jafnframt ætlað að veita innsýn í sögu þeirrar hreyfingar, sem tók sér nafnið „situationistar", sem mætti ef til vill snara á slæma íslensku sem „kringumstæðuskapendur".

Sýningargestir geta reynt að fá þessa innsýn í gegnum rit um hreyfinguna sem eru kynnt í setustofu og í efsta salnum. Á þeirri kynningu er þó sá galli, að hún er öll á erlendum tungumálum (mest ensku og frönsku), og lítt skipulega framsett. Hreyfingin á betra skilið, sem og íslenskir sýningargestir, og er rétt að tæpa á nokkrum atriðum um hana.

Situationistar höfðu orðið til sem þjóðfélags-pólitísk hreyfing með listrænu ívafi um miðjan sjötta áratuginn, og meðal áberandi þátttakenda fyrsta kastið má nefna þann þekkta Cobra-mann Asger Jorn, og raunar fleiri úr þeim hópi. Hreyfingin átti sér fyrst og fremst rætur í Frakklandi, þó að hópar víðar að, t.d. í Englandi um 1960, tengdust henni. Eins og oft vill verða um hreyfingar af þessu tagi (t.d. súrrealistana undir stjórn Andre Bretons) varð kennisetningasmíðin fljótlega listinni yfirsterkari, og því varla hægt að tala um þetta fyrirbæri sem listhreyfingu í vanalegri merkingu þess orð, enda urðu yfirlýsingarnar að boðskap fyrir stjórnleysi (anarkisma) eða frumkommúnisma er hreyfingin var einna þekktust 1968.

Áhugafólk um svokallaða '68-kynslóð ætti að kannast við situationista, því þeir voru m.a. í forystu stúdenta sem lögðu undir sig háskólann í Strassburg um þriggja vikna skeið haustið 1966; sá atburður hefur af ýmsum verið talinn fyrirboði svipaðra atburða um alla Evrópu, Ameríku og Japan á næstu árum á eftir, sem náðu hámarki í Frakklandi í maí 1968.

Framlag situationista í þessum hræringum var ekki eingöngu pólitískt, heldur lögðu þeir sitt á vogarskálarnar með hinn „listræna" umbúnað á kröfugöngum, slagorðum, veifum og fánum. Þetta framlag lifði þó ekki hræringarnar af, og má segja að hreyfingin og öll hennar áhrif (nema e.t.v. notkun sprautubrúsa við slagorðagerð!) hafi verið liðin undir lok um 1970.

Saga þessarar hreyfingar er þó í mesta lagi neðanmálsgrein í listasögu sjöunda áratugarins á þessari öld, og er nafni hennar nú helst haldið á lofti af einhverjum taglhnýtingum, sem misstu af fjörinu, en vildu gjarna hafa verið með.

Sýningin í Nýlistasafninu ber merki þessa; hún kann þó að einhverju leyti að vera fræðandi fyrir þá sem kannast áður við sögu situationista. Fyrir aðra er hún fremur hindrun en verðugur vegvísir til raunverulegs (smá)þáttar þessarar hreyfingar í listasögu tuttugustu aldar, enda uppsetning hennar og íslenskur umbúnaður til vansa fyrir Nýlistasafnið, og ekki til þess fallið að vekja áhuga gesta. Hreyfingin fetar greinilega í fótspor merkari listhreyfinga á fyrri hluta aldarinnar þar sem eru fútúristar, dadaistar og súrrealistar, og skuggi þeirra er enn í dag mun sterkari en sú ljóstýra, sem situationistar náðu ef til vill að tendra á sínum tíma.

Sýningin „Situation '93 Reykjavík — Köln" í Nýlistasafninu við Vatnsstíg stendur til sunnudagsins 12. september.

Norræni tvíæringurinn

Ingibjörg Guðjónsdóttir fulltrúi Íslands

NORRÆNI einsöngvara- og einleikaratvíæringurinn hefst í Stokkhólmi 22. þessa mánaðar. Markmiðið með tónleikunum er að koma á framfæri ungum norrænum listamönnum, jafnt á norrænum sem alþjóðlegum vettvangi.

Tónlistarfólkið mun koma fram ásamt tveim stærstu hljómsveitum Stokkhólms. Fulltrúarnir fimm verða Niklas Sivelöv, pianóleikari frá Svíþjóð, Sølve Sigerland, fiðluleikari frá Noregi, Pia Freund, sópransöngkona frá Finnlandi, Troels Svane Hermansen, sellóleikari frá Danmörku og Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópransöngkona, verður fulltrúi Íslands. Tvíæringnum lýkur 25. þessa mánaðar.



Ingibjörg Guðjónsdóttir.

Tónlistarfélag Akraness

Einsöngstónleikar í Vinaminni

TÓNLISTARFÉLAG Akraness stendur fyrir einsöngstónleikum í kvöld kl. 20.30 í safnaðarheimilinu Vinaminni. Á tónleikunum koma fram Heiðrún Harðardóttir altsöngkona og Ólafur Vignir Albertsson pianóleikari.

Á efnisskránni eru íslensk sönglög eftir Árna Thorsteinsson, Sigvalda Kaldalóns, Pál Ísólfsson og Þórarin Guðmundsson, ljóð eftir Dvorák og óperuaríur eftir A. Thomas, Donizetti og Saint-Saënce. Tónleikar þessir eru haldnir í 100 ára minningu eins af stofnendum tónlistarfélagsins, Jóns Sigmundssonar en hann er móðurafi Heiðrúnar.

Heiðrún Harðardóttir lauk 8. stigi í söng frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1992, þar sem aðalkennarar hennar voru, Ásrún Davíðsdóttir og Jórunn Viðar. Síðan í janúar á þessu ári hefur hún verið búsett í London og sótt einkatíma í söng hjá Sigríði Ellu Magnúsdóttur. Þetta eru fyrstu einsöngstónleikar Heiðrúnar.

Ólafur Vingir Albertsson er löngu landskunnur pianóleikari og hefur í áratugi spilað með mörgum söngvurum á tónleikum, inná plötur, í útvarpi og víðar.



MÁ BJÓÐA ÞÉR Í DANS?

- KENNSLUSTAÐIR
- Reykjavík Brautarholt 4, Ársel, Gerðuberg, Fjörgyn og Hólmasel.
- Mosfellsbær
- Hafnarfjörður
- Innritun í síma 91-20345 frá kl. 15 til 22 að Brautarholti 4.
- Suðurnes Keflavík, Sandgerði Grindavík og Garður.
- Innritun í síma 92-67680 frá kl. 21.30 til 22.30.

- KENNSLA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 14. SEPT.
- Afhending skírteina að Brautarholti 4, sunnudaginn 12. september, frá kl. 15 - 22
- SÍÐASTI INNRITUNARDAGUR FÖSTUDAGINN 10. SEPTEMBER

Gjaldskrá óbreytt frá liðnum vetri

Systkinaafsláttur - fyrsta barn fullt gjald, annað barn hálft gjald, þriðja barn og þar yfir frítt. Aukaafsláttur ef foreldrar eru einnig í dansnámi.

DANSSKÓLI Heiðars ÁSTVALDSSONAR

DISKÓDANSAR - BUMP - JÓN STEINAR, SIMBI OG KOLLA, MARGFALDIR ÍSLANDSMEISTARAR KENNA